

Góðan daginn móttakandi og gleðilegt ár !

Sendi neðanfylgjandi grein sem bíður birtingar í Morgunblaðinu og varðar fyrirhugaða vegtolla.

Bestu kveðjur, Bjarni Gunnarsson, kt. 250748 4699

Kristnibraut 33, 113 Rvk.

„Framlög til vegagerðar of lág“. Þetta eru orð samgönguráðherra á Facebook-síðu sinni þann 30. des. sl. og eru orð að sönnu.

Þar kemur fram að undanfarin ár hafa um 70% af tekjum ríkisins af umferðinni farið til vegagerðar og því um 30% af tekjunum farið til velferðarmála. Því er eðlilegt að bifreiðaeigendur spyrji hvort réttlátt sé að þeir séu skattlagðir sérstaklega umfram aðra til að fjármagna velferðarkerfið. Áætlaðar tekjur af umferðinni árið 2019 eru um 49 milljarðar króna, en á sama tíma er áætlað að 31,3 milljarðar fari til vegagerðar á ári að meðaltali næstu 5 árin. Samkvæmt þessu eru bifreiðaeigendur skattlagðir sérstaklega umfram aðra skattgreiðendur sem nemur tæpum 18 milljörðum króna á ári.

Í ljósi þessara staðreynda er eðlilegt að bifreiðaeigendur séu ekki sáttir við fyrirhugaða vegtolla sem á að innheimta aðallega á þremur helstu vegtengingum Höfuðborgarinnar, þ.e. á Reykjanesbraut, Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi. Einmitt á þessum vegum hefur undanfarin ár myndast meirihluti tekna ríkisins af umferðinni og hafa þær tekjur verið notaðar til vegaframkvæmda um allt land og því ósanngjarnt að skattleggja þessa umferð sérstaklega til samgöngubóta þessara vegkafla.

Og ef vegtollar koma til má spyrja hvort þeir greiði mest sem græða mest á samgöngubótunum. Þeir sem keyra daglega í vinnuna þegar umferðin er ekki þung borga oftast vegtollinn og hafa lítinn ávinning af betri vegum.

Og hverjir borga sjaldan vegtollinn og hafa mesta ávinninginn af betri vegum? Það er helgarumferðin yfir sumarið og er þar um að ræða fáar ferðir hjá hinum almenna bifreiðaeiganda miðað við daglega ferð hins vinnandi manns. Samkvæmt þessu eru þeir að borga minnst í vegtolla sem hagnast mest á betri samgöngum.

Fyrirhugaðir vegtollar leysa þar fyrir utan ekki aðal úrlausnar verkefnið varðandi gjaldtöku af umferðinni núna þegar rafbílavæðingin er í gangi.

Rafbílar eru nú um 6% af bílaflotanum og er áætlað að þeim fjölgi um ca. 2% á ári. Þessir bílar eru ekki að greiða fyrir afnot af vegunum og gengur það ekki til lengdar.

Hér er því mælt með því að breyta innheimtunni á akstursgjöldum þannig að greitt verði eftir aksturslengd hvers bíls á ári og eftir þyngd hans og væru þá öll gjöld nema kolefnisgjald tekin út úr lítraverði á bensíni og díselolíu.

Með því að auka framlög til vegagerðar samanber ábendingu samgönguráðherra, t.d. þannig að 80% af tekjum umferðarinnar fari til vegagerðar og með því að hefja innheimtu akstursgjalda á rafbílum fást auknar tekjur af umferðinni þannig að ráðamenn ættu að geta gleymt fyrirhuguðum vegtollum en haldið sig við að hefja átak í bættum vegum á öllu landinu.

Höfundur er umferðarverkfræðingur.

Kveðja / Regards

BJARNI GUNNARSSON